

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2024/1004****2026/EES/36/36****frá 22. janúar 2024****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 með því að koma á fót tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir matvælabætandi efni (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 92. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Matvælabætandi efni vísa til matvælaaukefna, matvælaensíma og matvælabragðefna sem eru efni sem eru bætt í matvæli af ásetningi í tæknilegum eða skynmatslegum tilgangi. Notkun á matvælabætandi efnum fellur undir sameiginlega málsmeðferð Sambandsins við leyfisveitingu sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 <sup>(2)</sup>.
- 2) Samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/625 skal framkvæma opinbert eftirlit til að staðfesta að farið sé að reglum á sviði matvæla og matvælaöryggis.
- 3) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/965 <sup>(3)</sup> innihalda kröfur um vöktun á innteknu magni matvælaaukefna og matvælabragðefna sem eru leyfð í samræmi við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 <sup>(4)</sup> og (EB) nr. 1334/2008 <sup>(5)</sup>, þ.e.a.s. um söfnun gagna um tilvist og fyrirkomu matvælaaukefna og matvælabragðefna í matvælum.
- 4) Samkvæmt 92. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 skal koma á fót tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins ef viðurkennd þörf er fyrir hendi til að stuðla að samræmdum starfsháttum varðandi þróun eða notkun á aðferðum við greiningu, prófun eða sjúkdómsgreiningu sem eru framkvæmdar af opinberum rannsóknarstofum sem eru tilnefndar í samræmi við 1. mgr. 37. gr. þeirrar reglugerðar. Þetta á við þegar skilvirkni opinbers eftirlits er háð gæðum, samræmi og áreiðanleika þessara aðferða og niðurstaðna.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/1004, 3.4.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2026 frá 30. apríl 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2017/625/2022-01-28>.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1331/2021-03-27>).

(3) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/965 frá 12. maí 2023 um aðferðafræði við vöktun á innteknu magni matvælaaukefna og matvælabragðefna (Stjtið. ESB L 129, 16.5.2023, bls. 17, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reco/2023/965/oj>).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1333/oj>).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34, ELI: <https://eur-lex.europa.eu/eli/reg/2008/1334/2023-03-21>).

- 5) Nauðsynlegt er að koma á fót tilvísunarrannsóknarstofu á sviði matvælabættandi efna til að gera það kleift að framkvæma opinbert eftirlit á áhrifaríkan hátt innan Sambandsins. Einkum er þörf á að koma á fót tilvísunarrannsóknarstofu til að tryggja tiltekna samræmingu að því er varðar viðmiðanir varðandi sýnatöku og greiningaraðferðir sem eru notaðar við söfnun gagna um matvælaaukefni og matvælabragðefni og til að veita opinberum rannsóknarstofum á sviði matvælaensíma stuðning.
- 6) Með þessari reglugerð ætti því að koma á fót tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir matvælabættandi efni.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir matvælabættandi efni er hér með komið á fót.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. janúar 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---